

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um upplýsingamiðlun Bílastæðasjóðs (US200237).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga að bílastæðasjóður birti á heimasíðu sinni réttar upplýsingar um gjaldskyldutíma.

Samþykkt var sl. vetur á fundi skipulags- og samgönguráðs 12. september 2019 að lengja gjaldskyldu á svæði 1 til klukkan 20 á vikum dögum og á laugardögum og að bæta við gjaldskyldu á svæðinu á sunnudögum frá klukkan 10-16.

Á heimasíðu bílastæðasjóðs kemur þessi breyting ekki fram, nema að þessar nýju reglur hafi ekki tekið gildi? Ef þær hafa gert það þá hefur heimasíðan ekki verið uppfærð. Upplýsingar á heimasíðunni gefa til kynna núna að gjaldskyldu ljúki kl. 18 en ekki 20 í gjaldstæði 1 og að engin gjaldskylda sé sunnudögum. Einnig segir að gjald sé innheimt á virkum dögum milli 9-18 og á laugardögum 10-16 og í P4 8-16. Auk þess eru aðrar upplýsingar einnig villandi. Í dálknum gjaldskyld svæði eru sunnudagar ekki nefndir.

Neðar á heimasíðunni er listi yfir daga sem ekki er tekið gjald en þar eru sunnudagar ekki heldur nefndir. Þessar mikilvægu upplýsingar skipta máli fyrir fólk sem veltir fyrir sér hvort það vilji heimsækja bæinn á sunnudögum og þurfi þá e.t.v. að leggja í gjaldskyld svæði. <https://www.bilastaedasjodur.is/gjaldskylda/gjaldsvaedin>.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og til umsagnar Bílastæðasjóðs þann 12. ágúst sl.

Umsögn:

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. september 2019, voru samþykktar tillögur Bílastæðasjóðs um breytingar á gjaldskyldutíma og gjaldskrá, auk breytinga á afmörkun gjaldskyldusvæðis 1. Tillögurnar byggðu á greiningu á nýtingu bílastæða vorið 2019. Breytingarnar voru auglýstar í Stjórnartíðindum þann 10. mars 2020 en komu ekki til

framkvæmda. Ástæða þessa er að forsendur fyrir breytingu á gjaldskrá breyttust með tilkomu COVID-19.

Mælt er með því að málið verði tekið upp að nýju, þegar ástandið í þjóðfélaginu verður orðið eðlilegra aftur. Reikna má með að vinna þurfi aftur mikið af þeim greiningum sem lágu að baki breytingunum, sem byggðu á talningum um nýtingu bílastæða og greiningu samkvæmt bílastæðastefnu borgarinnar.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Kolbrún Jónatansdóttir
framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs